

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir lögbylið Lómsstaði úr landi Hamarsholts.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 24,7 ha lögbyli þar sem heimilt verður að reisa allt að 300 m² íbúðarhús með bílskúr og allt að 500 m² hesthús og reiðskemmu og/eða vélageymslu. Hámarkshæð íbúðarhússins er 7,5 m en hámarkshæð útihússins er 5,5 m. Þakhalli má vera á bilinu 14-30° á báðum húsum.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2012.

Samsvarandi deiliskipulag var samþykkt í sveitarstjórn 1. nóvember 2011 og birtist auglýsing um gildistöku þess í B-deild Stjórnartíðinda nr. 486 7. júní 2012. Það deiliskipulag er ekki í gildi þar sem það liðu meira en þrjú mánuðir frá endanlegri afgreiðslu sveitarstjórnar og þar til auglýsing birtist í Stjórnartíðindum.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 2. maí 2013.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. maí 2013